


## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

24. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 11. apríl 2022, kl. 12 í veitingastaðnum Krisp á Eyravegi við Ölfusárbrú. Fundinn sátu Árni Eiríksson formaður, Klara Öfjörð og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.



**BYGGÐASAFN  
ÁRNEISINGA**

**1. Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga 2021.** Ársreikningurinn var gerður af KPMG endurskoðun. Helstu niðurstöður eru þessar í krónum talið: Rekstrartekjur 79,3 milljónir, rekstrargjöld 69,1 milljón þar af afskriftir húseigna og tækja 8,8 milljónir. Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld hagnaður upp á 10,3 milljónir. Fjármagnsgjöld voru 15,8 milljónir. Rekstrarniðurstaða ársins varð því halli upp á 5,5 milljónir. Eigið fé safnsins er 32,5 milljónir króna. Eigið fé og skuldir eru alls 287 milljónir króna. Stjórn safnsins og safnstjóri árituðu ársreikninginn.

**2. Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2021.** Ársskýrslan sem samin var af Lýði Pálssyni safnstjóra var lögð fram. Hún verður birt á heimasíðu safnsins og send áskrifendum fundargerða.

**3. Listahátiðin Hafsjór.** Listahátiðin Hafsjór verður haldin í húsakynnum Byggðasafns Árnesinga í sumar. Samstarfsaðili og sýningarstjóri er Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir listamaður í Kaldbak, Eyrarbakka. Um 15 erlendir listamenn munu koma í maí og starfa að listsköpun en sýningaropnun verður helgina 11.-12. júní. Unnið er að undirbúningi og sótt hefur verið um styrki til Safnaráðs, Uppbyggingasjóðs Suðurlands og fyrirtækja. Safnstjóri lagði fram kynnisblað um verkefnið. Gerðar hafa verið rekstraráætlanir fyrir verkefnið í heild sinni og rúmast það vel innan rekstraráætlunar safnsins. Safnið leggur til sýningarhúsnæði, hefðbundinn sýningakostnað og vinnuframlag faglegra starfsmanna.

**4. Styrkir.** Safnstjóri greindi frá styrkumsóknum í Safnasjóð vegna aðalúthlutunar 2022. Komin er niðurstaða og fær safnið verkefnastyrki alls 2,85 milljónir króna til faglegra verkefna eins og myndvæðingar í Sarp, eflingar fræðslustarfs og frekari mótu söfnunar- og varðveislustefnu. Styrkur fékkst ekki til listahátiðarinnar Hafsjós. Öndvegisstyrkur Safnaráðs að upphæð 2 milljónir króna vegna flutninga í Búðarstíg 22 kemur einnig á árinu. Safnið sótti um aukaúthlutun 2021 í nóvember og fékk two 300 þúsund króna styrki, annan til endurnýjunar heimasíðu og hinn er styrkur til námsdvalar Ragnhildar Elísabetar Sigfúsdóttur safnvarðar í Danmörku. Stjórn safnsins samþykkir að Ragnhildur fái styrkinn gegn framvísun úttagðs kostnaðar að hámarki 450 þúsund króna. Jafnframt hefur verið sótt um styrk til listahátiðarinnar Hafsjós hjá Uppbyggingasjóði Suðurlands, og var safninu í síðustu viku úthlutið ein milljón króna til hennar.

**5. Skýrsla Hljóðvistar.** Hljóðvistin í sal Búðarstígs 22 hefur verið mæld af Ragnari Viðarssyni hljóðvistarverkfæðingi hjá Hljóðvist – Ráðgjöf og hönnun. Hljóðvistin er ekki fullnægjandi. Tillaga hans til úrbóta er að setja hljóðempandi plötur í loft salarins. Kostnaður er áætlaður 1.200 þúsund krónur og verður færður undir rekstrarliðina aðkeypt þjónusta sérfræðinga, viðgerðir og viðhald – viðgerðum á Eggjaskúrnum frestað um ár og dregið verður úr kaupum á gjaldfærðum tækjum.

**6. Nýting salar Búðarstígs 22.** Salurinn er nýttur vikulega af eldri borgurum á Eyrarbakka samkvæmt gömlum samningi fyrri eiganda, Alpan ehf, við sveitarfélagið Árborg. Ungmennafélag Eyrarbakka spilar félagsvist á þriðjudögum án samnings til að byrja með og boðið er upp á kaffi þrjá morgna í viku fyrir 6-10 karla og konur sem leggja í kaffisjóð. Örfáir fundir hafa verið haldnir en lítið verið um bókanir vegna funda, veislna og annara viðburða. Salurinn verður nýttur fyrir listahátiðina Hafsjó í maí og júní. Stjórn safnsins óskar eftir nýjum samningi við Sveitarfélagið Árborg um nýtingu salarins fyrir félagsstarf eldri borgara á Eyrarbakka og skylda starfsemi.

7. **Verðskrá Byggðasafns Árnesinga 2022.** Safnstjóri lagði fram verðskrá fyrir safnið og var hún samþykkt. Verðskráin verður birt á heimasíðu safnsins.

8. **Staða safnvarðar.** Í ljósi niðurstöðu fundar Héraðsnefndar Árnesinga haustið 2021 og samþykktar starfs- og rekstraráætlana safnsins samþykkir stjórn að fela safnstjóra að auglýsa nýtt starf safnvarðar sem kæmi til starfa 1. ágúst 2022.

9. **Starfsemin.** Unnið er að margvíslegum verkefnum við safnið um þessar mundir. Myndvæðingu í Sarp er lokið í bili, enn er verið að vista gripi í aðalsal og afskráðir voru sex munir sem höfðu ekkert varðveislagildi. Laugardaginn 9. apríl opnaði safnið að nýju eftir vetrardvala en fram að því var tekið á móti hópum og skólum eftir samkomulagi. Opið verður um páskana og framyfir Vor í Árborg með sýninguna „Með mold á hnjánum“ í öndvegi. Undirbúningur er í fullum gangi við Alþjóðlegu listahátíðina Hafsjó. Safnstjóri er langt kominn með sumarráðningar en sumaropnunin hefst 1. maí og stendur til 30. september.

10. 9. **Næsti fundur.** Þetta mun vera síðasti stjórnarfundur þessa kjörtímabils en sveitarstjórnakosningar verða 14. maí næstkomandi. Nýskipuð héraðsnefnd mun koma saman í sumar og skipa nýja stjórn. Stjórn Byggðasafns Árnesinga þakkar samstarfið undanfarin ár.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.

*Ari Þórðarson  
Kuara Ófford  
Bryndis Eirík Þorsteinsdóttir.  
Guðrún Þórhallsdóttir*